

20. apríl 2011
SI-73959

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga, 139. löggjafarþing, 381. mál.

Með tölvupósti dags. 31. mars sl., óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram, að við gerð þess hafi megináherslan verið lögð á að ná ásættanlegu jafnvægi á milli þriggja mikilvægra þátta. Í fyrsta lagi að með lögum séu settar almennar reglur sem hafi það markmið að tryggja opna og gegnsæja stjórnsýslu. Slíkt sé til þess fallið að auka aðhald með starfsemi stjórnvalda, auka réttaröryggi borgaranna og bæta möguleika þeirra til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það sé megintilgangur frumvarpsins að tryggja framang þessa markmiðs. Í öðru lagi hafi verið litið til þess að stjórnvöld fást í ýmsum störfum sínum við upplýsingar sem teljast viðkvæmar, bæði vegna hagsmuna almennings og hins opinbera og vegna einkahagsmuna. Með hliðsjón af þessu hafi við samningu frumvarpsins verið leitast við að greina og lýsa þeim tilvikum þar sem slíkir hagsmunir teljast nægilega ríkir til þess að þeir réttlæti frávik frá meginreglu laganna um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Í þriðja lagi hafi við samningu frumvarpsins verið horft til þess að reglur um rétt almennings til aðgangs að gögnum séu settar fram með þeim hætti að framkvæmd þeirra geti orðið skilvirk, og jafnframt að hún verði ekki úr hófi kostnaðarsöm eða íþyngjandi.

Í 6. gr. frumvarpsins eru talin upp gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti. Í 4. tl. er kveðið á um að gögn sem ráðherra aflar frá sérfróðum aðilum vegna undirbúnings lagafrumvarpa séu undanþegin upplýsingarétti. Seðlabankinn telur að ákvæðið mætti ganga lengra varðandi gögn sem stjórnvöld afla frá sérfróðum aðilum. Tilvik koma upp þar sem stjórnvald hefur ekki yfir að ráða þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er við úrlausn mála og þarf því að leita til utanaðkomandi sérfræðinga. Vandséð er að hægt sé að tryggja að stjórnvald hafi ávallt fullnægjandi sérþekkingu á öllum atriðum sem taka þarf á og ætti ákvæðið því einnig að ná til gagna sem stjórnvald aflar frá sérfróðum aðilum. Þá telur Seðlabankinn, með sömu röksemdum, að fella eigi undir hugtakið „vinnugögn“ í skilningi 8. gr. frumvarpsins gögn sem aflað er hjá sérfróðum aðilum við undirbúning máls.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir til að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast. Seðlabankinn telur að greinin eigi einnig að ná til upplýsinga um efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins og fjármálastöðugleika, enda geta tilvik komið upp þar sem réttlætanlegt er vegna mikilvægra almannahagsmuna að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt almennings til aðgangs að gögnum um málefni starfsmanna þeirra aðila sem frumvarpið tekur til, þ.á.m. um nöfn, starfssvið og föst launakjör starfsmanna. Hér vegast annars vegar á þeir hagsmunir að stuðlað sé að eðlilegu aðhaldi almennings með því að hæft starfsfólk sé ráðið í opinbera þjónustu og fjárhagslegum útgjöldum vegna starfanna og hins vegar mikilvægi þess að varðveita traust og trúnað í starfssambandi stofnunar og starfsmanns. Seðlabankinn telur að launakjör starfsmanns sé slíkur þáttur í starfssambandi að trúnaður eigi að ríkja um launakjör einstakra starfsmanna, enda miklir hagsmunir fyrir opinberar stofnanir að hæfir umsækjendur sæki um störf og að hæft starfsfólk haldist í starfi. Óheftur aðgangur að upplýsingum um laun starfsmanna getur hindrað að hæfir einstaklingar leitist eftir störfum hjá hinu opinbera. Þá telur Seðlabankinn 3. mgr. 7. gr., sem kveður á um að heimilt sé að veita upplýsingar um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana, mjög varhugaverða. Seðlabankinn tekur undir að á stjórnendum opinberra stofnana hvíli ríkari skyldur en almennt gerist. Orðalag ákvæðisins er hins vegar það óskýrt að hætta sé á ómálefnalegum ákvörðunum við veitingu upplýsinga um viðurlög, enda segir í greinargerð með frumvarpinu að vega þurfi og meta í hverju tilfelli hvort vegi þyngra hagsmunir almennings af vitneskju um slík viðurlög eða þeir hagsmunir viðkomandi starfsmanna að trúnaður ríki um slíkt. Þá kann að vera óvíst hvort ákvarðanir um að beita opinberan starfsmann viðurlögum standist fyrir dómi.

Að lokum vill Seðlabankinn vekja athygli á að orðinu „ekki“ virðist ofaukið í 2. ml. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Seðlabanki Íslands gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson,
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir,
aðallögfræðingur